

## AUGLÝSING

varðandi hreindýraveiðar.

Ráðuneytið hefur ákveðið, að hreindýraveiðar skuli eigi fara fram árið 1971 og er því frestað um sinn framkvæmd reglna nr. 263/1960, um hreindýraveiðar í Múlasýslum.

*Menntamálaráðuneytið, 5. ágúst 1971.*

**Magnús Torfi Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*

30. júlí 1971.

Nr. 142.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 100 29. júní 1957, um takmörkun leigubifreiða í Hafnarfirði og um ráðstöfun atvinnuleyfa, sbr. reglugerð nr. 31 22. febrúar 1961, reglugerð nr. 145 30. júní 1964 og reglugerð nr. 70 6. apríl 1970.

### 1. gr.

1. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Hafnarfirði skal, meðan hreppsnefnd Garðahrepps ekki leyfir fólksbifreiðastöðvar í sínu lögsagnarumdæmi, fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Hafnarfirði, miðuð við íbúatölu á félagssvæði Bifreiðastjórafélagsins Neista, Hafnarfirði, þannig að ein bifreið komi fyrir hverja 350 íbúa, sem þar eiga lögheimili, samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Félagssvæði samkvæmt 1. mgr. telst Hafnarfjörður og Garðahreppur.

Meðan leigubifreiðar eru fleiri en sem svarar einni á hverja 350 íbúa, skal ekki veita nema fjórða hvert leyfi sem losnar.

Þegar rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu skal veita, vegna fólksfjölgunar, eitt atvinnuleyfi fyrir hverja 350 íbúa og eitt atvinnuleyfi fyrir hvert atvinnuleyfi sem losnar.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. júní ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framansögðu.

### 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytið, 30. júlí 1971.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*